

34

9. maí

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán samkvæmt Gjaldeyrissamningi Evrópu, er nemi allt að 2 milljónum dollara.

Auk þess heimilast ríkisstjórninni að taka að láni samkvæmt gjaldeyris-samningnum jafnháa fjárhæð því, sem endurgreitt er á hverjum tíma af skuldum Íslands í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu, allt að 6 milljónum dollara. Jafnóðum og lántökuheimildir eru notaðar, skal andvirðið í krónum greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, seðlabankann, og því varið til endurgreiðslu lánanna, og má ekki verja því til annars.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um endurgreiðslu á skuldum Íslands, sem urðu til í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu og stofnað var til samkvæmt heimild í lögum nr. 35 13. apríl 1954, þannig að endurgreiðsla verði innt af höndum á allt að 7 árum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

35

23. maí

L Ö G

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka skuldabréfalán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 30000000.00 — þrjátíu milljónum króna — enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breytist í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs til neytenda í Reykjavík frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga. Þessa verðtryggingu má miða hvort sem er við einstaka rafmagnstaxta eða vísitölu nokkurra rafmagnstaxta.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.